

Nd.

459. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta flytur nefndin samkv. beiðni félagsmálaráðuneytisins. Fylgdu því svolátandi athugasemdir:

„Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt ósk hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, en almennur hreppsfundur í Dalvíkurhreppi, haldinn 14. júní 1953, skoraði á hreppsnefndina að afla sér heimildar til að láta leigunám fara fram á lóðum og lendum í landi hreppsins, eftir því sem hreppsnefndinni þætti ástæða til.

Hinn 13. des. 1947 keypti Dalvíkurhreppur jörðina Böggvisstaði af ríkissjóði, með tilliti til þess, að meginhluti Dalvíkurþorps var í Böggvisstaðalandi. Þegar kaup þessi fóru fram, hafði miklum hluta af umræddu landi þegar verið ráðstafað af fyrri landeiganda með erfðafestuleigum til langs tíma og með mjög lágum leigukjörum, eða mest kr. 10.00 pr. ha í ársleigu fyrir ræktunarland og ekki talið mögulegt að hækka þá leigu, nema lagaheimild kæmi til. Þess má og geta, að leiguhafar umræddra erfðafestulanda hafa selt Dalvíkurhreppi og einstaklingum hluta af leigulöndum sínum fyrir matsverð, sem numið hefur allt að kr. 2.40 á ferm. í ræktuðu landi, sem tekið var undir veg, og kr. 2.50 í sams konar landi til lóðasölu undir íbúðarhús.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að brýna nauðsyn beri til þess að skapa Dalvíkurhreppi rétt til að taka öll erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins eignarnámi, þannig að unnt verði að gera nýja samninga við leigutaka um þau lönd, sem hreppsnefndin telur fært að leigja áfram.“